

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000,
með síðari breytingum (fæðingarhjálp).

Flm.: Silja Dögg Gunnarsdóttir, Líneik Anna Sævarsdóttir, Steinunn Þóra Árnadóttir,
Steingrímur J. Sigfússon, Jóhanna María Sigmundsdóttir,
Elsa Lára Arnadóttir, Brynhildur Pétursdóttir, Páll Valur Björnsson,
Birgitta Jónsdóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

Á eftir 17. gr. laganna kemur ný grein, 17. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Foreldrar sem þurfa að sækja fæðingarhjálp utan heimabyggðar.

Foreldrum sem þurfa að dveljast utan heimilis til að vera í öruggri nálægð við fæðingarhjálp og geta ekki vegna vegalengdar eða landfræðilegra aðstæðna sótt heimili sitt daglega er heimilt að hefja fæðingarorlof allt að þremur vikum fyrir áætlaðan fæðingardag, sem staðfestur skal með læknisvottorði, eða fyrr ef staðfest er með vottorði sérfræðilæknis að þess sé þörf.

Þurfi foreldrar að hefja fæðingarorlof fyrir áætlaðan fæðingardag, sbr. 1. mgr., ber þeim að tilkynna það Vinnumálastofnun þremur vikum fyrir þann dag sem fyrirhugað er að hefja fæðingarorlof. Heimilt er að víkja frá því tímamarki ef ófyrirséð er hvenær foreldrar þurfa að hefja fæðingarorlof, sbr. 1. mgr.

Réttur foreldra til fæðingarorlofs skal framlengjast sem nemur þeim tíma sem þeir dveljast utan heimilis fram til fæðingar af þeim sökum sem greinir í 1. mgr.

2. gr.

Á eftir 22. gr. laganna kemur ný grein, 22. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Foreldrar sem þurfa að sækja fæðingarhjálp utan heimabyggðar.

Foreldrum sem þurfa að dveljast utan heimilis til að vera í öruggri nálægð við fæðingarhjálp og geta ekki vegna vegalengdar eða landfræðilegra aðstæðna sótt heimili sitt daglega er heimilt að hefja töku fæðingarstyrks í mánuðinum fyrir áætlaðan fæðingardag, sem staðfestur skal með læknisvottorði, eða fyrr ef staðfest er með vottorði sérfræðilæknis að þess sé þörf.

Þurfi foreldrar að hefja töku fæðingarstyrks fyrr en í áætluðum fæðingarmánuði barns, sbr. 1. mgr., ber þeim að tilkynna það Vinnumálastofnun þremur vikum fyrir fyrirhugaðan upphafsdag fæðingarstyrks. Heimilt er að víkja frá því tímamarki ef ófyrirséð er hvenær foreldrar þurfa að hefja töku fæðingarstyrks, sbr. 1. mgr.

Réttur foreldra til fæðingarstyrks skal framlengjast um allt að tvo mánuði dveljist þeir utan heimilis af þeim sökum sem greinir í 1. mgr. Foreldrum sem svo er ástatt um skal heimilt að skipta töku fæðingarstyrks upp í tvö tímabil.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var fyrst lagt fram á 144. löggjafarþingi (633. mál) en hlaut ekki afgreiðslu. Það er nú lagt fram lítið breytt.

Með fæðingarhjálp er í frumvarpi þessu átt við hverja þá aðstoð eða þjónustu sem veitt er af faglærðu heilbrigðisstarfsfólki í tengslum við tilvonandi eða yfirstandandi fæðingu og almennt er talin nauðsynleg til að tryggja eins vel og verða má líf og heilbrigði barns og móður eftir fæðingu. Nokkrum hópi fólks stendur ekki til boða fullnægjandi fæðingarhjálp í heimabyggð og þarf því að dveljast fjarri heimili sínu fyrir fæðingu til að vera í öruggri nálægð við fæðingarhjálp þegar að fæðingu kemur. Af þessu getur stafað nokkur aðstöðumunur milli þessa hóps og þeirra sem eiga kost á fæðingarhjálp í heimabyggð og þurfa því ekki að dveljast annars staðar meðan beðið er fæðingar. Þessu frumvarpi er ætlað að leiðrétta hluta þess aðstöðumunar.

Með frumvarpinu er annars vegar lagt til að foreldrum sem þurfa að dveljast utan heimilis til að vera í öruggri nálægð við fæðingarhjálp og geta ekki vegna vegalengdar eða landfræðilegra aðstæðna sótt heimili sitt daglega verði heimilað að hefja fæðingarorlof eða töku fæðingarstyrks þremur vikum fyrir áætlaðan fæðingardag, sem staðfestur skal með læknisvottorði, eða fyrr ef staðfest er með læknisvottorði að þess sé þörf. Almennt er talið ráðlegt að barnshafandi konur séu nálægt fæðingarstað ekki síðar en þremur vikum fyrir áætlaðan fæðingardag, eða í 38. viku meðgöngu miðað við 40 vikna meðallengd meðgöngu. Frumvarpið gerir þó ráð fyrir að foreldrar geti hafið fæðingarorlof eða töku fæðingarstyrks fyrr ef staðfest er með læknisvottorði að þess gerist þörf að móðir sé fyrr nálægt fæðingarstað. Mat á því hvort þess sé þörf að barnshafandi móðir dveljist fjarri heimili sínu til að vera í öruggri nálægð við fæðingarhjálp fyrir fæðingu er fyrst og fremst læknisfræðilegt. Alla jafna má ætla að sú fæðingarhjálp dugi sem býðst í umdæmissjúkrahúsum, sbr. 3. másl. 1. mgr. 18. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007. Í sérstökum tilvikum gæti foreldrum þó verið nauðsynlegt af læknisfræðilegum ástæðum að sækja sérhæfðari þjónustu annað. Það getur t.d. átt við í tilviki fjölbura fæðinga og þegar vandamál í fæðingu eru fyrirsjáanleg. Rétt er að miða við að hitt foreldrið geti þurft að dveljast fjarri heimabyggð samtímis barnshafandi móður.

Mat á því hvort foreldrar geti ekki vegna vegalengdar eða landfræðilegra aðstæðna sótt heimili sitt daglega byggist á því til hvers sé raunhæft að ætlast í hverju tilviki. Unnt er að notast við það sem grófa viðmiðun að foreldrar geti ekki sótt heimili sitt daglega ef meira en 100 kílómetrar eru frá dvalarstað til heimilis. Aðstæður geta þó gert það að verkum að ekki er raunhæft að ætlast til þess að foreldrar sækji heimili sitt daglega þótt styttra sé milli dvalarstaðar og heimilis. Það getur t.d. átt við í tilviki foreldra sem búa á eyju og þurfa að sækja fæðingarhjálp annað eða vegna slæmra samgönguskilyrða milli heimilis og dvalarstaðar.

Í frumvarpinu er miðað við þriggja vikna tilkynningarfrest til samræmis við það viðmið sem fram kemur í 2. másl. 1. mgr. 15. gr. og 1. mgr. 23. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof. Þó er gert ráð fyrir að heimilt verði að víkja frá þeim fresti ef ófyrirséð er hvenær foreldrar þurfa að hefja fæðingarorlof eða töku fæðingarstyrks. Það gæti átt við þegar upp koma óvæntir atburðir sem krefjast þess að foreldrar dveljist nálægt fæðingarhjálp fyrir en ráð var fyrir gert. Að öðru leyti er ráðgert að hvort foreldri fyrir sig sækji um greiðslur í fæðingarorlofi eða fæðingarstyrk til samræmis við gildandi reglur laganna.

Með frumvarpinu er hins vegar lagt til að réttur foreldra til fæðingarorlofs eða -styrks framlengist sem nemur þeim tíma sem þeir þurfa að dveljast fjarri heimili til að vera í öruggri nálægð við fæðingarhjálp. Að öðrum kosti ættu foreldrar, sem þurfa að nýta fæðingarorlof eða -styrk til að sækja fæðingarhjálp fjarri heimili sínu, að öðru jöfnu minna fæðingarorlof eða -styrk eftir til að nýta til umönnunar og samvista við börn sín eftir fæðingu en foreldrar sem búa þar sem fæðingarþjónusta er í heimabyggð. Sú staða er andstæð jafnræðissjónarmiðum og ekki barni fyrir bestu, sbr. 1. mgr. 3. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sem veitt hefur verið lagagildi hérlendis með lögum nr. 19/2013. Gert er ráð fyrir að framlenging fæðingarorlofs nemi þeim dagafjölda sem foreldri dvelst utan heimilis, sem miðast jafnan við tímabilið frá því að foreldri fer frá heimili til að vera nálægt fæðingarhjálp og fram að fæðingu barns. Þar sem greiðsla fæðingarstyrks miðast aðeins við heila mánuði er gert ráð fyrir að framlenging hans nemi að jafnaði einum mánuði, en geti þó numið tveimur mánuðum ef sérstakar aðstæður krefjast þess að foreldri dveljist lengur fjarri heimili. Þá er gert ráð fyrir að foreldrum sem hefja töku fæðingarstyrks fyrr en ella vegna þessara aðstæðna verði heimilað að skipta töku styrksins upp í tímabil, sem jafnan er óheimilt. Kallar þetta á breytingu á 6. mgr. 14. gr. reglugerðar um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og greiðslu fæðingarstyrks, nr. 1218/2008.